

**Nd.**

**1213. Nefndarálit**

[503. mál]

um frv. til l. um getraunir Öryrkjabandalags Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin tók þetta mál fyrst á dagskrá 22. maí en frv. var þó ekki rætt þá. Þann 29. maí komu fulltrúar frá ÍSÍ á fund nefndarinnar, þeir Sveinn Björnsson, Valdimar Örnólfsson og Jón Ármann Héðinsson. Háskóla­rektor, Guðmundur Magnússon, kom einnig á þennan fund, svo og fulltrúar frá Öryrkjabandalagi Íslands, þeir Oddur Ólafsson og Vilhjálmur Vilhjálms­son.

Við endurskoðun laga um getraunir árið 1972 var komið inn í 2. gr. laganna viðbótarákvæði um talnagetraunir. Þar segir m. a. að með getraunum sé átt við að „á þar til gerða miða — getraunaseðla, sem félagið eitt (þ. e. Íslenskar getraunir) hefur rétt til þess að gefa út og selja, eru merkt úrslit kappleikja (íþróttagetraunir) eða skráð niðurröðun ákveðins fjölda talna (talnagetraunir).“

Í nágrannalöndum hefur þetta getraunaform hlotið nafnið Lotto.

Í nokkur ár hefur þetta kerfi verið til ítarlegrar athugunar hjá íþróttahreyfingunni og með bréfi dags. 21. okt. 1983 til dómsmálaráðuneytisins er skýrt frá því að Íslenskar getraunir hafi ákveðið að hefja starfrækslu talnagetrauna samkvæmt ákvæði í 2. gr. laga um getraunir, nr. 59 frá 29. maí 1972. Síðan þetta bréf var ritað hafa fulltrúar frá ÍSÍ kynnt sér þessa starfsemi í Svíþjóð, Finnlandi, Þýskalandi og víðar. Íþróttahreyfingin hefur nú tryggt sér tækjabúnað til þessarar starfsemi og áætlað er að starfsemin geti hafist síðar á þessu ári.

Stefnt er að því að rekstur íþróttahreyfingarinnar muni á þessu ári kosta um 250 millj. króna. Íþróttahreyfingin hefur hingað til fjármagnað sína starfsemi að mestu með eigin fjáröflun og sjálfboðavinnu og verður að telja ákjósanlegt að slíkt geti haldist áfram.

Þetta frv., ef samþykkt verður, getur haft veruleg áhrif á fjáröflunarmöguleika íþróttahreyfingarinnar og annarra sem hafa tekjur af rekstri happaspila. Það er álit minni hl. nefndarinnar að mál þetta þarfnist frekari athugnar og leggur því til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. júní 1985.

Páll Dagbjartsson,  
frsm.

Stefán Guðmundsson.